

Nr. 108 / 12 Drangavík VE 80***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2048
Smíðaður: Portúgal 1991, stál
Stærð: 356,5 BT
Mesta lengd: 28.98 m Skráð lengd: 28.02 m
Breidd: 7.9 m Dýpt: 6.2 m
Vél: Deutz 465 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 11

Gögn:
Gögn RNS



Drangavík©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 7. desember 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 13. febrúar 2012 var Drangavík VE 80 á togveiðum á Austfjarðarmiðum. Veður: SV 18-22 m/s og mikill sjór.

Skipverji sem var að taka á móti og ísa afla í lest féll aftur fyrir sig og lenti á köntum ískara. Hann taldi sig ekki hafa slasast en var aumur í mjöðminni og hélt áfram störfum. Þegar frá leið átti hann erfitt með að standa og ganga. Þegar komið var í land leitaði hann læknis og kom þá í ljós að tveir liðþófar í hrygg höfðu sprungið út.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagðist hafa verið að moka ís úr kari og fyrir aftan hann hafi verið annað ískar sem hann féll í. Hann stóð ofan í tómu kari og það gætu hafa verið ísmolar í botni þess. Hann hafi verið vel búinn til fótanna og botn karsins ekki sleipur.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.